



Stjórnarfundur í Þekkingarsetrinu þriðjudaginn 3. september 2013, kl. 10:00

Dagskrá:

1. Staða mála
2. Starfsmannamál.
3. Samstarf á sviði textíl.
4. Önnur mál.

Arnar setti fund kl. 10:10. Mætt eru Katharina Schneider, Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir. Þóra ritar fundargerð.

1. Katharina fór yfir það sem gerst hefur frá síðasta fundi. Mikil starfsemi var í sumar. Catherine sendi út könnun til íslenskra sjómanna, um reynslu og viðhorf til fiskveiða. Dan hefur verið í samstarfi við Veiðimálastofnun og Háskólann á Hólum við rannsóknir á Suðurlandi. Unnið hefur verið við þýðingar fyrir fyrirtæki.

Mikið hefur verið unnið að undirbúningi að samstarfi Textílseturs og Þekkingarseturs á sviði textíls. M.a hefur verið unnið að undirbúningi ráðstefnu sem haldinn verður í september 2014, North Atlantic Native Sheep and wool conference

Send voru gögn á Akureyrarvöku vegna Norðurslóðaherbergi.

2. Cat er farin í fæðingarorlof frá og með 27. ágúst sl. Hún gerir ráð fyrir að koma til starfa aftur í mars 2014. Ekki verður ráðið inn fyrir hana.

Ásdís Ýr Arnardóttir hefur verið ráðin sem verkefnisstjóri varðandi þarfagreiningu náms á Norðurlandi vestra. Frá 1. september og út desember. Um er að ræða 25% starf.

Katharina lagði til að Dan yrði ráðinn í 100% starf, frá 1. september og til loka mars.

3. Hugmyndavinna hefur verið í gangi hjá Katharinu og Jóhönnu Pálmadóttur með aðstoð utanaðkomandi aðila varðandi framtíð Textílseturs og Vatnsdælufiles í samþættingu við Þekkingarsetrið. Melody framkv.stjóri Nes listamiðstöðvar varráðin í ráðgjöf í tvær vikur varðandi undirbúning og uppbyggingu residency. Residency hefur verið samstarfsverkefni Textílseturs og Þekkingarseturs frá upphafi og þarf að koma því á fastara form.

Stefnt er að því að halda sameiginlegan fund stjórna Þekkingarseturs og Textílseturs varðandi þessi mál.

4. Farið verður á fund í ráðuneytinu 24. september varðandi starfsemi Þekkingarsetursins.

Samningur var gerður við Farskólann vegna námsvers fyrir þetta ár. Enn hefur námsverið ekki verið flutt eins og samningurinn kveður á um. Ákveðið var að vinna að flutningnum.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.